

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarsal Grensáskirkju 3. apríl 2023 kl. 20:00.

Að meðtaldri stjórn mættu 25 konur til fundarins.

Oddný Vala Kjartansdóttir, nýkjörinn formaður félagsins, bauð viðstadda velkomna á fundinn. Hún sagði nýja stjórn hafa fundað tvisvar og að stjórnin hlakki til starfsins á kjörtímabilinu. Hún rifjaði upp skipan stjórnar og sagði stjórnarkonur koma frá Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og Reyðarfirði.

Björg Blöndal fráfarandi formaður ávarpaði fundinn en Björg komst ekki á aðalfundinn vegna veikinda. Formaður þakkaði Björgu Blöndal fyrir hennar góðu störf í embætti formanns. Salurinn gaf Björgu þétt lófatak.

Guðný Þorvaldsdóttir fráfarandi ritari las upp fundargerð aðalfundar félagsins frá 6. mars sl. Fundargerðin var samþykkt.

Formaður skýrði frá því að næsti kaffifundur yrði 8. maí nk. þar sem fyrsta mánudag í maímánuði beri upp á frídeginum 1. maí.

Upplýst var að ekki verður farin vorferð í ár en haustferð er áætluð 16. september nk. á Reykjanesið. Ferðin og fyrirkomulag hennar verður kynnt síðar en formaður hvatti fundarkonur til að taka daginn strax frá. Skýrt var frá erindi Alberts Eiríkssonar um að félagskonur verði með jólalegar veitingar á októberfundinum komandi, vegna umfjöllunar í jólablaði Húsfreyjunnar. Fundarkonur tóku vel í erindið og var samþykkt að verða við beiðni Alberts. Nánari upplýsingar um undirbúning þessa verkefnis og fyrirkomulag verður rætt þegar nær dregur. Ávinningur félagsins gæti orðið góð söguleg heimild og einnig dýrmæt kynning á tilgangi félagsins og starfsemi þess.

Söngkonan Jóna Svandís Þorvaldsdóttir og Davíð Thoroddsen Guðjónsson gítarleikari fluttu nokkur falleg lög og enduðu á laginu „Að ferðalokum“ sem salurinn tók undir. Jóna Svandís og Davíð eru bæði með tengingar austur á Stöðvarfjörð. Þau fluttu tónlistina gjaldfrjálst fyrir félagið og hlutu bestu þakkir fyrir. Á fundinum var garnkynning frá netversluninni Bobby.is í Hveragerði. Þær voru með endurskinsgarn til sölu, sem vinsælt er að þrjóna úr þessa stundina, og ýmsar aðrar garntegundir til kynningar.

Kaffinefndina skipuðu að þessu sinni stjórnarkonurnar Oddný Vala Kjartansdóttir, Bjarney Aðalheiður Pálsdóttir, Herdís Pétursdóttir og Kristín Hjartardóttir. Var hlaðborðið hið glæsilegasta og hlaut nefndin þakkir fyrir.

Formaður minnti á innheimtu árgjalds 2023, krónur 3.000 og þakkaði þeim sem þegar hafa greitt árgjaldið. Lögð er áhersla á innheimtu fyrir sumarhlé. Minnt var á að allar félagskonur níræðar eða eldri þurfa ekki að greiða árgjald til félagsins.

Formaður gat þess til gamans að framundan er eitt aldarafmæli félagskonu, fimm konur verða 90 ára, tvær 80 ára og ein sextug. Yngstu félagskonurnar í félaginu eru fæddar 1967 og eru því 56 ára á árinu. Því næst sleit formaður formlegri dagskrá fundarins en hvatti alla viðstadda til að dvelja lengur, spjalla og njóta veitinganna.

Fleira var ekki gert.

Halla Kjartansdóttir, ritari stjórnar.